

Tilmæli 25/2017

Fyrri skjalsnúmer	A 1698/presidiet
Afgreiðsla	Forsætisnefndin
Fylgiskjal	A 1698/presidiet: Nefndarálit um þingmannatillögu um að efla sáttamiðlun sem norrænt vörumerki

Efling sáttamiðlunar sem norræns vörumerkis

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 2. nóvember 2017 eftirfarandi tilmæli að tillögu forsætisnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna

að forsætisráðherrar Norðurlandanna taki sáttamiðlun og friðarviðræður með sem viðfangsefni í verkefni sitt um alþjóðlegt hlutverk Norðurlanda;

að ein af væntanlegum stefnumótandi úttektum leggi áherslu á norrænt samstarf til að skapa frið á áttaksvæðum heimsins;

að Norðurlöndin komi á fót sameiginlegu háskólanámi á framhaldsstigi á sviði friðarviðræðna, t.d. Nordic Master in Peace Building/Peace Negotiation;

að kanna möguleika á því að koma á stofn skjalasafni um sáttamiðlun í einu Norðurlandanna, þar sem skjöl frá friðarviðræðum á árunum eftir seinni heimstyrjöldina verði varðveitt;

að nýta reynslu Álandseyja, Færeyja og Grænlands á Norðurlöndum sem innblástur og góð dæmi um friðsamlega lausn deilumála;

að nýta reynslu af jafnræði fyrir lögum hvað varðar réttindi þjóðabrota í löndunum.

Kaupmannahöfn, 6. nóvember 2017

Britt Lundberg

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs